

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
10. fundur 2017 (75. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 07.12.2017 kl. 10:00 í Flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Sigurður Thoroddsen	"
Steinþór Einarsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæslan
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – staðfesting aðalskipulagsins

Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013 – 2030 var staðfest með undirritun umhverfisráðherra þann 2. október 2017 og utanríkisráðherra þann 5. október 2017. Auglýsing um staðfestingu aðalskipulagsins var síðan birt í Stjórnartíðindum þann 7. nóvember. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013 – 2030 hefur því tekið gildi.

2. Fálkavöllur 8 – erindi Isavia um búnað

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 30.11.2017, varðandi leyfi fyrir smáhýsi innan lóðar Fálkavallar 8. Óskað er eftir langtímaheimild fyrir staðsetningu smáhýsis fyrir tæringarbúnað oliulagnar á lóðinni. Lóðarhafi er EBK og liggur samþykki hans ekki fyrir erindinu.

Málinu var frestað þar til afstaða eða samþykki lóðarhafa liggur fyrir.

3. Flugstöð Leifs Eiríkssonar – erindi Isavia um stækkun

Lagt var fram erindi Isavia, ódags., varðandi stækkun byggingarreits suðurbyggingar. Grunnflötur stækkunarinnar er 3.000 til 3.500 m² og gert er ráð fyrir að viðbyggingin verði 3 hæðir. Vegna kvaða sem verið er að leggja á flugfélög sem flytja farþega til Bandaríkjanna er nauðsynlegt að ráðast í breytingar á suðurbyggingunni. Óskað er eftir að breytingin verði gerð sem óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Skipulagsnefndin telur að ákvæði skipulagsreglugerðar um óverulega breytingu á deiliskipulagi eigi ekki við í þessu tilviki. Skipulagsnefndin samþykkti að stækkunin verði auglýst sem breyting á gildandi skipulagi.

4. Svæðisskipulag Suðurnesja – upplýsingar frá síðasta fundi

Gerð var grein fyrir málefnum er varða Keflavíkurflugvöll og fjallað var um á fundi Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja þann 6. nóvember 2017. Málefni voru annars vegar aðalskipulag Keflavíkurflugvallar þar sem Svæðisskipulagsnefndin lagði til að svæðisskipulagið yrði endurskoðað í samræmi við nýtt aðalskipulag. Hins vegar var kynning á deiliskipulagi Háaleitishlaðs.

5. Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar

Skipulagsfulltrúi gerði grein fyrir stöðu mála varðandi gerð skipulagsreglna fyrir Keflavíkurflugvöll. Einnig gerði hann grein fyrir vinnureglum milli Samgöngustofu og Isavia um heimild til að veita undanþágur frá skipulagsreglunum.

6. Háaleitishlað

Formaður ræddi erindi erindi Olíudreifingar um stjórnslu skipulagsnefndarinnar sem fjallað var um á síðasta fundi nefndarinnar. Ennfremur ræddi hann um í hvers nafni auglýsingar skipulagsnefndarinnar skuli fara fram.

Skipulagsfulltrúi lagði fram minnisblað sitt frá fundi með Skipulagsstofnun þann 01.12.2017 um deiliskipulag Háaleitishlaðs.

7. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður föstudaginn 19.01.2018 kl. 10 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx